

Fundur foreldrafélagsins 15. Nóv kl. 12 í Baugsvegi 1.

Mættar eru Elva, Jóhanna, og Tinna sem býður upp heit á rúnstykki og geggjáðan geitaost með grænum eplum og hunangi. Og Sigga sem ritar fundargerð.

Dagksrá fundarins:

1. Starfsáætlun
2. Hrekkjavaka
3. Félagslíf unglunga og féló
4. Skólagögn
5. Skólaráð / Fræðslunefnd
6. Örnámskeið
7. Félagsgjöld
8. Önnur mál

1. Starfsáætlun; farið yfir hana og örlitlu breytt (sjá starfsáætlun). Verkefnum fækkað og dagsetning aðalfundar færð aftur.

Aðalfundur foreldrafélagsins ákveðinn 9. Apríl kl. 20.

Finna fundarstjóra, hringja út og boða foreldra. Finna ákveðna aðila til að koma með veitingar. Verðum að hafa þetta í huga í vor þegar við byrjum undirbúning.

2. Félagslíf nemenda og féló; Hrekkjavakan tekin inn í hér. Ballið fest inni í dagatalið, reyna að tengja það dögum myrkurs og gera meira úr því jafnvel. Hafa það á laugardegi og hafa jafnvel „grikk og gott“ á sama tíma? Halda samstarfinu við leikskólan áfram. Farið yfir hvað hefði mátt vera skýrar í undirbúningi, s.s. verkaskipting og ábyrgð mismunandi þátta. Almenn ánægja og gott verkefni.

Lærum af því og byrjum fyrr að undirbúa stundina á túninu við sjúkrahúsið, þegar ljösin eru kveikt á jólatrénu. (tengist einnig starfsáætlun: þessir tveir viðburðir fastir á haustönn og vorverkahátíð á vorönn. Svo þegar okkur býðst að taka þátt í að fá leiksýningar eða eitthvað tilfallandi gerum við það og sömuleiðis námskeið- ef við fáum ábendingar eða beiðnir)

Fórum yfir fundinn sem við fórum á með skólastjórnaendum og umsjónarkennara unglingastigsins og Þórunni Eymundardóttur. Varðandi félagsmiðstöðina og að niðurstaðan eftir vangaveltur sé sú að best sé að hafa ákveðna viðburði eða námskeið í boði, en ekki vikulega opnun nema það sé skýr ósk frá nemendum og ljóst að þeir ætli að nýta sér hana (sem hefur alls ekki verið raunin). Nýta kraftana okkur í ákveðin verkefni en ekki slíta foreldrum út ;) Og ákveðið var að skólinn myndi reyna að fá einhvern/ráða einhvern til að fylgja börnunum í ferðir sbr. SamAust og Samfés.

Tenglarnir: hvað viljum við? Sendum tenglunum póst og hvetjum þau til að gera eitthvað skemmtilegt og segjum að þau megi leita til okkar ef þeim vantar hugmyndir eða aðstoð.

Skólagögn: Aðeins var rætt um að foreldrafélagið myndi kaupa skólagögn – við viljum ræða þá hugmynd frekar og ræða líka við skólastjórnendur hvort það sé flötur á þessu. Gæti verið hagræði og til bóta, þetta er gert í sumum skólum. Heyra hvernig reynslan af því er t.d. í Vesturbæjarskóla. En þá myndum við taka málið upp á næsta aðalfundi og í kjölfarið hækka félagsgjöldin(?).

Önnur mál –Öryggi barnanna í umferðinni. Enginn með endurskinsmerki. Ræða við forvarnafulltrúann um að fá endurskinsmerki. Landsbankinn á endurskinsmerki.

Náðum ekki að fara yfir fleiri mál, næsti fundur verður mánudaginn 4. desember kl. 12 (mögulega heima hjá ritara).